

## Menningarsjóður MÍT Reglugerð

### 1. grein.

Sjóðurinn heitir Menningarsjóður og er í umsjón Menningar,- íþróttá- og tómstundaráðs Reykjanesbæjar, MÍT.

### 2. grein

Sjóðurinn er tengdur Manngildissjóði Reykjanesbæjar og starfar fyrst og fremst samkvæmt reglugerð hans, en að öðru leyti eftir því sem fram kemur í reglugerð þessari.

### 3. grein

Fjárframlag til sjóðsins er samkvæmt fjárhagsáætlun ár hvert úr Manngildissjóði, auk þess sem sjóðurinn tekur við frjálsum framlögum sem ætluð eru til menningarmála í Reykjanesbæ.

### 4. grein

Menningar, íþróttá- og tómstundaráð, að höfðu samráði við menningarfulltrúa, afgreiðir umsóknir um alla styrki til menningarmála fyrir hönd bæjarstjórnar. Umsóknum skal skilað til menningarfulltrúa. Styrkjum skal úthlutað einu sinni á ári. Auglýst skal í staðarblöðum í september ár hvert og skal umsóknarfrestur vera einn mánuður frá birtingu auglýsingarinnar.

### 5. grein

MÍT getur í samráði við menningarfulltrúa haft frumkvæði að styrkveitingum og/eða viðurkenningum til félaga, fyrirtækja eða einstaklinga ef það er álit ráðsins og menningarfulltrúa að viðkomandi hafi stuðlað með einum eða öðrum hætti að framgangi menningar í Reykjanesbæ.

### 6. grein

Markmið verkefna og áætlanir um framkvæmd þeirra skulu vera skýrar og raunhæfar hvað varðar kostnað, tímasetningar og kröfur til ábyrgðarmanna.

Listrænt og/eða fræðilegt gildi verkefnisins þarf að vera ljóst. Sýnt skal fram á að styrkurinn sé líklegur til að efla menningarstarfsemi í Reykjanesbæ.

Styrkurinn afhendist að verkefninu loknu.

Samþykkt í MÍT 14. sept. 2004